

Djúpavogshreppur
b.t. Halldóra Hafþórsdóttir
Varða 2
765 Djúpavogi

Tegund skoðunar: Reglubundin skoðun 18.9.2018

Staðsetning skoðunar: Grunnskólinn

Deild:

Eftirlitsmaður: Bergþóra Hlín Arnórsdóttir

Þátttakendur í eftirlitsheimsókn:

Kristrún Gunnarsdóttir, öryggisvörður.

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Reglubundin skoðun. Afrit af skýrslu sent til Gauta Jóhannessonar, sveitarstjóra.

Í þessari eftirlitsskýrslu er gerð grein fyrir því sem krefst úrbóta af hálfu fyrirtækisins og gefin tímasett fyrirmæli um hvenær úrbótum skuli lokið.

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið bergthora@ver.is.

Ef tilkynning um úrbætur berst Vinnueftirlitinu ekki innan tilgreinds tímafrests þá getur komið til stöðvunar vinnu eða lokunar á þeim hluta starfseminar er fyrirmæli beinast að, sbr. 84. gr., og/eða álagningar dagsekta, sbr. 87. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með síðari breytingum.

Taka skal með í **áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir** þau atriði sem athugasemdir eru gerðar við í þessari skýrslu. Þó geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og komu ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:
Öryggistrúnaðarmann vantar.

Fyrirmæli

Starfsmenn skulu kjósa öryggistrúnaðarmann úr sínum röðum sem vinnur að bættum aðbúnaði hollustuháttum og öryggi á vinnustaðnum ásamt öryggisverði og stjórnendum. Tilkynna skal nafn hans, kennitölu og netfang til Vinnueftirlitsins.

Veittur frestur:
31.10.2018

Lög & reglur:
920/2006: Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum, 5., 14. og 19. grein.

Leiðbeiningar:

Fræðslu- og leiðbeiningarbæklingur á heimasíðunni vinnueftirlit.is: Öryggistrúnaðarmenn, öryggisverðir og innleiðing vinnuverndarstarfs.

Athugasemd 2 - Vinnuverndarstarf

Lýsing & mat á aðstæðum:
Endurskoða þarf skriflega áætlun um öryggi og heilbrigði en hún á meðal annars að fela í sér sérstakt áhættumat með tilliti til öryggis og heilsu starfsmanna og áhættuþátta í vinnuumhverfinu ásamt áætlun um heilsuvernd og forvarnir.

Fyrirmæli

Atvinnurekandi ber ábyrgð á gerð áætlunar um öryggi og heilbrigði. Við gerð hennar skal haft samráð við öryggistrúnaðarmann og öryggisvörð vinnustaðar og skal henni lokið fyrir veittan frest. Skal áætlunin kynnt í kjölfarið öllum starfsmönnum fyrirtækisins og tryggt að henni verði framfylgt við dagleg störf.

Veittur frestur:
31.10.2018

Lög & reglur:
920/2006: Reglugerð nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum.

Leiðbeiningar:

Hjálpargögn við gerð áhættumats og vinnuumhverfisvísar eru á heimasíðunni www.vinnueftirlit.is/vinnuvernd

Athugasemd 3 - Félagslegur aðbúnaður

Lýsing & mat á aðstæðum:

Ekki liggur fyrir áhættumat né áætlun um heilsuvernd og forvarnir fyrir félagslegan aðbúnað. Í áætluninni á m.a. að koma fram hvert þolandi getur leitað telji hann sig verða fyrir einelti, áreitni, ofbeldi eða hótunum, hvort sem áreitið kemur frá samstarfsmanni eða yfirmanni.

Markmið áhættumatsins er að stuðla að gagnkvæmri virðingu á vinnustöðum og að tryggja samræmda vinnuferla ef upp koma ágreiningsmál á vinnustað.

Fyrirmæli

Gera skal áhættumat og áætlun um heilsuvernd og forvarnir fyrir félagslegan aðbúnað starfsmanna. Niðurstöður ásamt forvarnar- og viðbragðsáætlun skal kynnt fyrir starfsmönnum og framfylgt í daglegu starfi.

Veittur frestur:

31.10.2018

Lög & reglur:

1009/2015: Reglugerð um aðgerðir gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustöðum.

Leiðbeiningar:

Í viðbragðsáætlun þarf meðal annars að koma fram mat á aðstæðum, til hvaða aðgerða skuli gripið og upplýsingagjöf, s.s.:

- Bregðast eins fljótt við og kostur er
 - Meta aðstæður í samvinnu við vinnuverndarfulltrúa staðarins
 - Grípa tafarlaust til aðgerða hvort sem einelti, áreitni eða ofbeldi á sér stað eða hefur átt sér stað
- EÐA athugun leiðir í ljós að ekki hafi átt sér stað
- Skrá niður allt sem tengist meðferð máls og upplýsa hlutaðeigandi starfsmenn
 - Upplýsa um að máli sé lokið

Athugasemd 4 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Lítið þrep er á umferðaleið í milligangi. Mikilvægt er að merkja svæðið með áberandi hætti til að minnka líkur á fallslysum.

Í lagnaerbergi þarf að stíga yfir pípulagnir til að komast inn í innri hluta lagnarýmis. Mikilvægt er að tryggja öruggt aðgengi starfsmanna sem þar þurfa að vinna.

Ábending

Merkja skal hættusvæði á umferðaleiðum þar sem starfsmenn geta hrasað. Gera skal ráðstafanir til að tryggja aðgengi starfsmanna sem þurfa að vinna í lagnaerbergi.

Lög & reglur:

581/1995: Reglur um húsnæði vinnustaða, 39. grein.

Athugasemd 5 - Félagslegur aðbúnaður

Lýsing & mat á aðstæðum:

Í eftirlitsheimsókn kom fram að nokkrar breytingar hafi verið gerðar á aðstöðu, starfsmenn telja bæði vera kosti og galla við breytingarnar en eru sammála um að enn sé takmörkuð reynsla komin á breytingarnar.

Nefnt er að burður hafi aukist, á sumum vinnusvæðum hafi áreiti aukist en minnkað á öðrum og einhverjir starfsmenn telja að samstarf hafi minnkað.

Ábending

Í breytingaferli er mikilvægt að ræða reglulega um kosti og galla við ferlið og endurskoða leiðir ef upplýsingar berast um að vinnuskipulag eða aðstaða hafi versnað. Það er á ábyrgð stjórnenda, með aðkomu öryggisvarðar og öryggistrúnaðarmanns, að endurskoða breytingaferli og finna leiðir til úrbóta, t.d. mætti skoða aukna notkun á léttitækjum til að minnka burð og skapa svigrúm til samstarfsverkefna.

Lög & reglur:

920/2006: Reglugerð um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum

046/1980: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum

Áður en tímafrestrir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið bergthora@ver.is.

20/9'18 Bergþóra Amósdóttir



Dagsetning og undirskrift eftirlitsmanns

Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggi ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrirmæli um tafarlausar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Áfrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.